


# Endurvinnsla kerbrota

Fyrirspurn um matsskyldu  
Maí 2022

 Skipulagsstofnun
Mött.: 21 júní 2022
Málnr.
_____

**Kerendurvinnsla**

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	3
2.	Tilgangur og markmið .....	3
3.	Tilkynningarskylda.....	3
4.	Kerbrot .....	3
5.	Fyrirhuguð framkvæmd .....	4
5.1	Mannvirki.....	4
5.2	Framleiðsluferli.....	5
5.2.1	Kerbrot .....	6
5.2.2	Kerbrot smækkuð.....	7
5.2.3	Kerbrot hitameðhöndluð.....	7
5.2.4	Kerbrot bleytt.....	8
5.2.5	Efni blandað .....	9
5.3	Flutningar .....	9
6	Skipulag og landnotkun á framkvæmdasvæði.....	9
6.1	Aðalskipulag Hvalfjarðasveitar.....	9
6.2	Deiliskipulag.....	10
6.3	Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun .....	10
7	Staðhættir.....	10
8	Helstu áhrif á umhverfið .....	11
8.1	Hljóðvist.....	11
8.2	Loftgæði .....	11
8.3	Úrgangur .....	12
8.4	Fráveita .....	12
8.5	Efni sem fellur til vegna viðhalds.....	13
8.6	Öryggi og heilsa á vinnustað.....	13
8.7	Mengunarvarnir og vöktun .....	13
9	Leyfi sem framkvæmd er háð .....	13
10	Niðurstaða.....	13
11	Viðhengi .....	14

## 1. Inngangur

Félag áformar að byggja verksmiðju til endur- og áframvinnslu kerbrota á Grundartanga í Hvalfjarðasveit. Verksmiðjan áformar að endurvinna kerbrot frá innlendu álverunum þremur og hugsanlega flytja inn kerbrot og fullnýta afkastagetu verksmiðjunnar ef það reynist hagkvæmt.

Í þessu skjali er gerð grein fyrir fyrirhugaðri söfnun kerbrota, uppsetningu á endurvinnsluverksmiðju, tæknilegum upplýsingum um framleiðsluferlið, afurð ferilsins og fjallað um umhverfisáhrif.

## 2. Tilgangur og markmið

Tilgangur verkefnisins er að endur- og áframvinna kerbrotaúrgang álvera þannig að þau nýtist í sementsiðnaði. Í dag er minna en helmingur allra kerbrota í heiminum endurunninn og á Íslandi er ekkert af þeim kerbrotum sem falla til við íslenska álframleiðslu endurunninn. Með áframvinnslu kerbrota er stutt við hringrásarhagkerfið og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að minnka úrgang, auka endurvinnslu og draga úr sóun. Eftir frumskoðun kemur iðnaðarsvæðið á Grundartanga helst til greina sem staðarval fyrir verksmiðjuna. Framleiðslugeta verksmiðjunnar er 30.000-35.000 tonn á ári og er ein afurð úr ferlinu, svo kallað HiCal efni sem er notað í sementsiðnaði. Ávinningur sementsiðnaðarins af notkun HiCal efnisins er m.a. minni orkukostnaður og lægra kolefnisfótspor. Endurvinnsluferlið umbreytir kerbrotum, sem eru spilliefni og falla undir reglur um flutning á hættulegum efnum, yfir í vöru sem er ekki spilliefni og fellur ekki undir reglur um flutning á hættulegum efnum. Með þessu verkefni er verið að taka ábyrgð á úrgangsmálum á Íslandi og stuðlað að verðmætasköpun úr vandræðasömum spilliefnaúrgangi. Með endurvinnslu kerbrota minnka urðuð spilliefni á Íslandi um rúmlega 70%<sup>1</sup> og stórt skref er tekið í átt að hringrásarhagkerfinu. Verkefnið styður því enn fremur við markmið stjórnvalda um minnkun úrgangs og aukna virðissköpun.

## 3. Tilkynningarskylda

Áframvinnsla kerbrota fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, lið 11.12 í 1. viðauka, sem er listi yfir framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar:

- 11.12 Endurnýting úrgangs þar sem meðhöndluð eru meira en 500 tonn af úrgangi á ári.

## 4. Kerbrot

Álver framleiða ál með því að rafgreina súrál í rafgreiningarkerum, en kerin hafa ákveðinn líftíma við eðlilegar aðstæður sem er um 4-7 ár. Að þeim tíma loknum eru kerin endurfóðruð, kerbrot (e. Spent Pot Lining) falla því til þegar fóðringar eru brotnar innan úr kerjum vegna reglulegs viðhalds og endurfóðringar. Að meðaltali falla til 22 kg af kerbrotum fyrir hvert framleitt tonn af áli. Fóðrunarefnum/kerbrotum er almennt skipt í tvo flokka, brot 1 og brot 2. Í fyrri flokknum eru bakskautin sem eru kolefni og í seinni flokknum eru múr- og einangrunarefni. Innanlands hjá álverunum þremur (Alcoa Fjarðaál, Norðurál og Rio Tinto á Íslandi) falla til um 18.000 til 20.000 tonn af kerbrotum árlega sem nauðsynlegt er að urða með einhverjum hætti. Á heimsvísu falla til um 1,5 milljón tonna árlega (sjá töflu 1). Kerbrot eru flokkuð sem spilliefni (e. Hazardous Waste) sem gerir meðhöndlun og urðun þeirra erfiða og falla þau undir reglur um flutning á hættulegum efnum. UN flokkur kerbrota er UN3170.

<sup>1</sup> Skv. heildartölum úrgangs frá Umhverfisstofnun, t.d skv. heildartölum úrgangs fyrir árið 2019: <https://ust.is/library/sida/graent/%c3%9argangur%20-%20Heildart%c3%b6tur%202019%20-%20FINAL.pdf>

Tafla 1: Kerbrot á heimsvísu.<sup>2</sup>

Land	Álframleiðsla (milljón tonn)	Kerbrot (milljón tonn)
Kína	35,80	0,788
Indland	3,68	0,081
Rússland	3,63	0,080
Kanada	2,92	0,064
Sameinaða Arabíska Furstadæmi	2,64	0,058
Ástralía	1,58	0,035
Noregur	1,30	0,029
Bahrain	1,00	0,022
Bandaríkin	0,89	0,020
Ísland	0,89	0,019
Samtals	54,33	1,196
Önnur lönd	9,26	0,204
<b>Heild</b>	<b>63,59</b>	<b>1,40</b>

Sífelld erfiðara er að finna kerbrotum farveg og er nú svo komið að Fjarðarálf flytur sín kerbrot úr landi til Langöen í Noregi (til urðunar í gamla kalknámu þar). Hin tvö álverin urða sín kerbrot og annan úrgang ennþá í flæðigryfjum í sjó við Íslandsstrendur. Aluminium Stewardship Initiative (ASI) vottar álframleiðslu um alla heim. Til að geta fengið vottun frá ASI (má ekki urða iðnaðarúrgang/spilliefni í flæðigryfjum og þurfa því álver undanþágu frá reglum staðalsins ef þau vilja þessa vottun. Aðeins tvö álver í heiminum eru með þessar undanþágu og eru það Norðurál og Rio Tinto á Íslandi sem urða enn sín kerbrot og annan úrgang í flæðigryfjum.

## 5. Fyrirhuguð framkvæmd

Verkefnið sem hér er tilkynnt, er bygging verksmiðju til endur- og áframvinnslu kerbrota á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Við framleiðsluna er notað eldsneyti. Hægt er að nota própan gas, lífeldsneyti, endurnýjanlega orkugjafa eða annað eldsneyti og er eldsneytisþörfin um 30 kg/tonn af kerbrotum. Einnig þarf um 200 lítra af ferskvatni fyrir hvert tonn af kerbrotum. Önnur efni eru ekki notuð við endurvinnsluna.

Framleiðslugeta verksmiðjunnar er 4 tonn á klukkustund sem gerir um 35.000 tonn á ári miðað við stanslausa vinnslu. Eina afurðin úr ferlinu nefnist HiCal sem er notað í ofnrekstri innan sementsiðnaðar þar sem það lækkar orkuþörf og minnkar kolefnisfótspor sementsframleiðslunnar. HiCal nýtist best í framleiðslu á mökuðum þar sem alkalímálmur eru ekki til staðar í hráefnum. Þessi markaðssvæði eru einkum í Asíu, Afríku og Suður Ameríku.

### 5.1 Mannvirki

Fyrirhugað er að reisa um 6.000 m<sup>2</sup> verksmiðjuhús á Mýrarholtsvegi 1-3 sem er rúmlega 11.000 m<sup>2</sup> lóð, staðsett á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Áætluð veggghæð hússins er um 10 metrar. Plan og athafnasvæði á verksmiðjulóðinni verður malbikað og lóðin verður afgirt og aðgangsstýrð.


<sup>2</sup> <https://www.lightmetallage.com/news/industry-news/smeltting/the-spl-waste-management-challenge-in-primary-aluminum/>



Mynd 1: Afstöðumynd fyrir iðnaðarsvæðið á Grundartanga. Fyrirhuguð lóð kerbrotaendurvinnslunnar er merkt með gulu.<sup>3</sup>

## 5.2 Framleiðsluferli


Framleiðsluferlið felst í að smækka kerbrotin, hitameðhöndla þau og bleyta. Hér að neðan er ferlinu lýst nánar. Framkvæmdaraðili notar einkaleyfisverndað ferli frá ástralska fyrirtækinu Regain Materials. Þetta ferli hefur verið notað við endurvinnslu kerbrota frá álverum Rio Tinto og Alcoa í Ástralíu frá árinu 2000 og nú á síðasta ári tók til starfa ný verksmiðja við álverið Alba í Bahrain. Íslenska fyrirtækið mun verða í eigu íslenskra aðila en mun byggja á Regain ferlinu og búnaði.



Mynd 2: Framleiðsluskýringarmynd endurvinnsluferilsins.

Heildarmassajafnvægi ferlisins má síðan sjá á mynd 3.

<sup>3</sup> <https://map.is/hvalfjordur/>



Mynd 3: Massajafnvægi ferilsins.

## 5.2.1 Kerbrot

Oftast er talað um tvo flokka kerbrota, þ.e. bakskautin sem eru kolefnisrík (brot 1) og svo önnur fóðrunarefni (brot 2). Einnhver dæmi eru um að verið sé að endurvinnna annan hvorn flokkinn en það ferli sem hér um ræðir mun endurvinnna báða flokkana. Mikilvægt er fyrir ferlið að innmötun sé stöðug svo afurðin verði einsleit. Tafla 2 sýnir efnasamsetningu kerbrota, annars vegar brot 1 og hins vegar heildina, bæði brot 1 og brot 2.

Tafla 2: Efnasamsetning kerbrota<sup>4</sup>.

	Brot 1 (wt.%)	Brot 1 og 2 (wt.%)
Kolefni	55 ±5%	30 ±5%
Flúor	13 ±3%	15 ±3%
Natríum	12 ±5%	15 ±3%
Ál	10 ±2%	15 ±5%
Síaníð	50-10.000 ppm (meðaltal 0,2%)	-
Kísilefnasambönd	3%	4%
Kalsíum	3%	4%
Brennisteinn	0,2 ±0,1%	0,2 ±0,1%
PAH	0-300 ppm	-
Raki	<3%	<3%
Orka kcal/kg	4.447	2.502

Kerbrot teljast sem spilliefni af nokkrum ástæðum. Síaníð og flúor efnasamböndin eru þau efnasambönd sem helst eru skaðleg í kerbrotum. Síaníð og flúor innihald getur komist út í umhverfið ef að vatn kemst í kerbrotin. Einnig geta kerbrot gefið frá sér hættulegar og sprengifimar gastegundir ef þau blotna. Alkalímálmssinnihaldið getur einnig leitt til töluverðrar sýrustigshækkunar á því vatni sem kemst í snertingu við kerbrotin. Af þessari ástæðu þarf að vakta umhverfið vel í kringum urðuð kerbrot til þess að tryggja að skaðleg efni komist ekki út í umhverfið og hafi neikvæð áhrif á lífríki í kring.

<sup>4</sup> <https://www.lightmetallage.com/news/industry-news/smelting/the-spl-waste-management-challenge-in-primary-aluminum/>

## 5.2.2 Kerbrot smækkuð

Þegar kerin eru brotin niður eru straumteinar, sem eru stálbitar, ál og baðefni fjarlægð og koma því ekki inn í endurvinnsluferlið. Þegar brotið er úr kerum verða til kerbrot. Þegar kerbrotin, sem eru í misstórum stykkjum, berast til endurvinnslu er þeim komið fyrir innandyra á lagersvæði. Gert er ráð fyrir að hægt sé að geyma allt að 5.000 tonn af ómeðhöndluðum kerbrotum innandyra. Með glussadrifnum brjótum eru kerbrotin smækkuð þannig að stærstu hlutarnir eru <20 mm. Talsverð rykmyndun á sér stað þegar kerbrotin eru smækkuð og því fer útblástur frá vinnslunni í gegnum rykskiljur og pokasíur. Allt rykið, sem safnast í poka, er sett aftur í ferlið og nýtt í HiCal afurðina. Ryk í útblæstri verður undir 5 mg/Nm<sup>3</sup>.




Mynd 4: Brotið úr rafgreiningarkeri í erlendu álveri.<sup>5</sup>

## 5.2.3 Kerbrot hitameðhöndluð

Þegar búið er að smækka kerbrotin eru þau flutt með lokuðum snígulum í hitameðhöndlun. Hitameðhöndlunin er framkvæmd í snúningsofni (e. Rotating Kiln) með brennara sem hitar kerbrotin í um 600-800°C (sjá mynd 5). Tilgangurinn með hitameðhöndluninni er að eyða síaníðum (CN-) úr kerbrotunum. Við þetta myndast vatn (H<sub>2</sub>O), koltvísýringur (CO<sub>2</sub>) og köfnunarefni (N<sub>2</sub>). Ofninn er 10 metra langur og með þvermál uppá 1,5 meter. Ofninn er fóðraður með hitapolinni klæðningu sem er áætlað að endist í 10 ár og byggir það á reynslu Regain í Ástralíu. Við ofninn er afsogsbúnaður sem skilur frá ryk, og allt rykið er endurnýtt í ferlinu og endar í HiCal afurðinni. Eldsneytisnotkun er um 30 kg fyrir hvert tonn af kerbrotum.


<sup>5</sup> <https://www.lightmetallage.com/news/industry-news/smeltng/the-spl-waste-management-challenge-in-primary-aluminum/>




Mynd 5: Snúningsofn (e. Rotating kiln) til hitameðhöndlunar.<sup>6</sup>

## 5.2.4 Kerbrot bleytt

Hluti af vandamáli með kerbrot er hve viðkvæm þau eru fyrir bleytu vegna þeirra eldfimu gastegunda sem geta myndast. Þessar gastegundir myndast vegna vötnunarharvaða út af ákveðnum efnum sem eru til staðar í kerbrotunum:



Til að eyða þessar virkni í kerbrotunum er sprautað vatni á efnið eftir hitameðhöndlunina og þannig eru gastegundirnar reknar úr efninu með öruggu og stýrðu ferli. Gasið sem myndast er leitt inn á brennarann í snúningsofninum og þannig umbreytt í hættuminni gös (köfnunarefni, vatn, koltvísýring og köfnunarefnisoxíð):



Vatnsnotkun er 200 lítrar fyrir hvert tonn af kerbrotum. Rúmlega helmingur af vatninu breytist í gufu og hinn hlutinn endar í HiCal afurðinni (sjá mynd 3).

<sup>6</sup> [https://snhi.co.jp/en/snhi\\_product\\_s/rotary-kiln/](https://snhi.co.jp/en/snhi_product_s/rotary-kiln/)



## 5.2.5 Efni blandað

Efnagreiningar eru framkvæmdar á hverri framleiðslulotu og niðurstöður efnagreininga eru nýttar við blöndun efnisins til að tryggja einsleitni afurðarinnar. Lokaskref ferilsins er því að blanda saman efni úr mismunandi framleiðslulotum og koma því fyrir í geymslustíum. Blöndun er ávallt framkvæmd innandyra, með gröfum eða hjólaskóflum. HiCal afurðin er svo geymd innandyra þar til hún er flutt til viðskiptavina með skipum. Gert er ráð fyrir að geymslustíur rúmi allt að 8.000 tonn innandyra.

## 5.3 Flutningar

Öll kerbrot frá álverunum þremur verða flutt með vörubílum að verksmiðjunni. Notaðir verða sérhannaðir flutningsvagnar sem uppfylla ADR kröfur um flutning á hættulegum efnum. Reiknað er með um fjórum vörubílum á dag. Flutningsvagnar eru losaðir innandyra.

Endurvinnsluferlið umbreytir kerbrotum, sem eru spilliefni og falla undir reglur um flutning á hættulegum efnum, yfir í hættumerkta vöru sem er ekki spilliefni og fellur ekki undir reglur um flutning á hættulegum efnum. t.d. stafar ekki nein sprengihætta af afurðinni. HiCal afurðin ber hættumerkingarnar GSH07 og GSH08, sjá MSDS blað fyrir HiCal sem fylgir sem viðhengi. HiCal inniheldur alkalímálma og flúor, efni sem henta vel í sementsofna, en það eru þessi efni sem valda hættumerkingunni. Tryggja þarf að það vatn sem kemst í HiCal afurðina berist ekki aftur frá henni. HiCal afurðin er geymd innandyra og síðan keyrð á vörubílum að Grundatangahöfn þaðan sem henni er skipað út í lausu í 6.000 til 8.000 tonna förmum með flutningaskipum.

## 6 Skipulag og landnotkun á framkvæmdasvæði

### 6.1 Aðalskipulag Hvalfjarðasveitar

Fyrir framkvæmdasvæðið gildir aðalskipulag Hvalfjarðasveitar 2008-2020 með síðari breytingum. Samkvæmt aðalskipulagi fyrir athafnasvæðið á Grundartanga er heimilt að byggja ný mannvirki í tengslum við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu. Einnig er þar kveðið á um að:

- Öll starfsemi sem leyfð er á svæðinu skal uppfylla ströngustu kröfur um mengunarvarnir og mengunarvarnarábúnað sem viðurkenndur er af Umhverfisstofnun.
- Ekki er heimilt að reisa nýjar verksmiðjur eða iðnaðarfyrirtæki sem hafa í för með sér losun á brennisteinstvíoxíði á svæðinu.
- Ekki er heimilt að reisa nýjar verksmiðjur eða iðnaðarfyrirtæki sem hafa í för með sér losun flúors á svæðinu.
- Ekki er heimilt að gera ráð fyrir starfsemi á svæðinu sem hefur í för með sér veruleg umhverfisáhrif skv. rökstuddu mati Skipulagsstofnunar m.t.t. mengunar og áhrifa þrávirkra lífrænna efna á loft, sjó og land og með hliðsjón af þeirri umhverfisvöktun sem fram fer á svæðinu.

Ef af framkvæmdinni verður mun Norðurál hætta að setja kerbrot í flæðigryfjur á Grundartangasvæðinu og verða þau í staðinn endurunnin í umræddri verksmiðju. Flúormagn kerbrota sem í dag eru urðuð í flæðigryfjunum eru áætluð um 900 tonn á ári.

Magn flúors sem berst frá endurvinnslunni er aðeins í afganginu og miðað við hámarks afköst verksmiðjunnar, sem eru 35.000 tonn á ári, verður flúorúttosun um 260 kg á ári sem er um 0,15% af því flúormagni sem álver Norðuráls á Grundartanga losar á ári hverju. Á móti þessari óverulegri aukningu á flúorlosun í andrúmsloft verður hætt að setja flúormenguð kerbrot í

flæðigryfjur á Grundartanga. Einnig verður hætt að setja kerbrot í flæðigryfjur í Straumsvík og hætt að flytja kerbrot í miklu magni frá Fjarðaáli til urðunar erlendis.

Það sama á við um brennisteinstvíoxíð. Magn brennisteinstvíoxíðs sem berst frá endurvinnslunni verður aðeins í afgasinu og miðað við hámarks afköst verksmiðjunnar, sem eru 35.000 tonn á ári, er brennisteinstvíoxíðsútlosun um 2600 kg á ári sem er um 0,06% af því brennisteinstvíoxíðsmagni sem álver Norðuráls og Elkem Ísland losa á ári hverju á Grundartangasvæðinu.

Með þessari endurvinnslu er stórt skref stigið í átt að hringrásarhagkerfinu ásamt því að Ísland tekur ábyrgð á þeim spilliefnaúrgangi sem myndast á Íslandi hjá álverunum þremur.

## 6.2 Deiliskipulag

Fyrir framkvæmdasvæðið gildir deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á Grundartanga, vestursvæði ásamt breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og hafnarsvæðis, vestursvæði, ágúst 2020 sem unnin var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Verksmiðjuhúsið verður um 6.000 m<sup>2</sup> á Mýrarholtsvegi 1-3 á Grundartanga sem er rúmlega 11.000 m<sup>2</sup> lóð. Nýtingarhlutfall er því undir 0,6 sem er hámarksnýtingarhlutfall fyrir lóðina í deiliskipulagi. Áætluð vegghæð hússins er 10 metrar og verður flatt þak á byggingunni.

## 6.3 Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun

Skammt norðvestan marka þynningarsvæðis vegna stóriðju á Grundartanga er Grunnafjörður, sem er svo kallað Ramsarsvæði, og nýtur verndar skv. samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf. Ekki eru verndarsvæði í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins eða aðrar takmarkanir á landnotkun umfram það sem fram kemur í aðal- og deiliskipulagi.

## 7 Staðhættir

Verksmiðjan verður byggð á um lóð á Grundartanga, sem afmarkar framkvæmdasvæðið. Framkvæmdasvæðið liggur innan skilgreinds iðnaðarsvæðis skv. aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Innan iðnaðarsvæðisins eru m.a. álver Norðuráls og Elkem Ísland og mun verksmiðjan rísa skammt vestan lóðar Elkem Ísland. Grundartangahöfn er innan athafnasvæðisins. Framkvæmdasvæðið er um 700 m frá þjóðvegi 1.



Mynd 6: Yfirlitsmynd af iðnaðarsvæðinu á Grundartanga<sup>7</sup>.

## 8 Helstu áhrif á umhverfið

### 8.1 Hljóðvist

Hávaði stafar einkum frá brjótum, ofni, hreinsibúnaði og flutningum á efni. Notaðar eru hjólaskóflur og lyftarar við vinnsluna. Miðað er við að uppfylla kröfur sem gerðar eru til hljóðvistar á svæðinu.

### 8.2 Loftgæði

Við endurvinnsluna myndast ryk og afgang. Hættulegu gastegundirnar sem myndast þegar kerbrotin eru bleytt eru leiddar inn á ofninn og brenndar yfir í hættulausar gastegundir. Allt ryk og afgang frá ofninum fer í gegnum síuhúsi. Rykið er síað frá og fer það aftur í ferlið og endar í HiCal afurðinni. Tafla 2 sýnir efnasamsetningu afgass frá síuhúsi. Þessar rauntölur eru fengnar frá endurvinnsluverksmiðju Regain í Tomago í Ástralíu sem hefur verið starfandi í 20 ár. Sú verksmiðja notar sama vinnsluferli og fyrirhuguð endurvinnsluverksmiðja á Grundartanga sem hér er til umfjöllunar. Endurvinnsla kerbrota fellur ekki að neinu BAT viðmiði Evrópusambandsins en til viðmiðunar eru sýnd BAT viðmið fyrir brennslu úrgangs (e. waste incineration) og melmisiðnað (e. non-ferrous metals industries). Eins og sést í töflunni eru rauntölur úr núverandi vinnslu sambærilegar við þau BAT viðmið sem höfð eru til hliðsjónar.

Gert er ráð fyrir að afköst síuhúskerfisins verði um 30.000 m<sup>3</sup>/klst.

<sup>7</sup> [https://www.grundartangi.is/static/files/\\_blob/PDF/throunarfelag-grundartanga-graenn-hringrasagardur-v11\\_fyrir-heimasidu.pdf](https://www.grundartangi.is/static/files/_blob/PDF/throunarfelag-grundartanga-graenn-hringrasagardur-v11_fyrir-heimasidu.pdf)

Tafla 2: Efnasamsetning á afgasi og styrkur þeirra efnasambanda.

	Mælieining	Rauntölur frá núverandi vinnslu	BAT fyrir úrgangsbrennslu (e. waste incineration)	BAT fyrir melmisiðnað annan en járnblendi (e. non-ferrous metals industries)
Kolmónoxíð	mg/m <sup>3</sup>	100	10-50	-
Sýaníð	mg/m <sup>3</sup>	1	-	-
Díoxín og Fúran	ng/m <sup>3</sup>	0,006	0,01-0,06	0,1
Flúor	mg/m <sup>3</sup>	1	-	-
Raki	%	3	-	-
Köfnunarefnisoxíð	mg/m <sup>3</sup>	10	50-120	70-150
Súrefni	%	20	-	-
Ryk	mg/m <sup>3</sup>	5	2-5	2-5
Fjölhringa arómatísk vetniskolefni (PAH)	mg/m <sup>3</sup>	0,1	5-30	-
Brennisteinsdíoxíð	mg/m <sup>3</sup>	10	5-30	2,5-15
Rokgjörn lífræn efnasambönd (VOC)	mg/m <sup>3</sup>	20	-	-

Tafla 3 sýnir heildarlosun mengunarefna í útblásturslofti frá endurvinnsluframléiðslunni í samanburði við útlosunarmörk valinna stóriðjufyrirtækja á Íslandi. Tölur fyrir þessi stóriðjufyrirtæki miðast við gildandi starfsleyfi. Starfsleyfi Norðuráls, Elkem Ísland og Rio Tinto á Íslandi kveða á um hámarkslosun miðað við hvert framleitt tonn og ekki er hámarksstyrkur í útblæstri almennt uppgefinn nema fyrir ryk. Hámarksútlosun á ryki hjá Norðuráli er 30 mg/Nm<sup>3</sup>, hjá Elkem Ísland er hún 20 mg/Nm<sup>3</sup> (ársmeðaltal) og 30 mg/Nm<sup>3</sup> (klukkustundarmeðaltal) og hjá Rio Tinto á Íslandi 50 mg/Nm<sup>3</sup>.

Tafla 3: Heildarlosun mengunarefna í útblásturslofti frá endurvinnsluframléiðslunni í samanburði við valin stóriðjufyrirtæki á Íslandi.

	Mælieining	Rauntölur frá núverandi vinnslu	Elkem Ísland	Norðurál	Rio Tinto á Íslandi
Flúor	tonn/ári	0,3	-	151	299
Ryk	tonn/ári	1,3	665	350	552
Brennisteinsdíoxíð	tonn/ári	2,6	5.700	6.300	8.280

### 8.3 Úrgangur

Enginn fastur úrgangur fellur til við endurvinnsluferlið. Sá úrgangur sem fellur til við starfsemina eru umbúðir tengdar viðhaldi á tækjum og búnaði, ásamt úrgagni tengdum starfsmannahaldi, svo sem lífrænn úrgangur frá mótuneyti og pappír frá skrifstofu o.s.frv. sem reynt verður að halda í lágmarki. Einnig fellur til ofnklæðning á u.þ.b. 10 ára fresti. Klæðningin verður endurnýtt með því blanda henni saman við kerbröt og því endar hún að lokum sem partur af HiCal afurðinni.

### 8.4 Fráveita

EKKI er um neina fráveitu frá ferlinu að ræða. Niðurföll verða á útsvæðum, þar sem möguleiki er á að ryk frá ferlinu geti komist í vatn. Vatnið frá þessum niðurföllum verður leitt í setþró til að tryggja að ekkert mengað vatn skili sér frá ferlinu. Set sem safnast fyrir verður notað í ferlinu og endar sem partur af HiCal afurðinni.

## 8.5 Efni sem fellur til vegna viðhalds

Á um það bil 10 ára fresti þarf að endurfóðra snúningsofninn sem fóðraður er með eldfastri klæðningu. Þegar klæðningin er brotin úr ofninum til að endurnýja hana fer hún með kerbrotum í gegnum ferlið og endar svo í HiCal afurðinni. Áætluð þyngd fóðringar er um 10 tonn. Einnig falla til umbúðir tengdar viðhaldi á tækjum og búnaði, svo sem ílát undan smurefnum.

## 8.6 Öryggi og heilsa á vinnustað

Framleiðslubúnaður er þannig hannaður að um mikla sjálfvirkni er að ræða. Störf felast aðallega í innmötun efna í ferlið og meðhöndlun að framleiðslu lokinni, ásamt viðhaldsvinnu. Öll störf verða áhættumetin með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og brugðist verður við þeim niðurstöðum með það að markmiði að lágmarka áhættu. Notast verður við besta fánlega öryggisbúnað sem hentar við endurvinnslu kerbrota.

## 8.7 Mengunarvarnir og vöktun

Mengunarvarnir verða í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Vakta þarf styrk efna í afgangi frá verksmiðjunni. Gert er ráð fyrir samstarfi við aðra rekstraraðila á svæðinu eftir því sem við á um vöktun og kynningu á niðurstöðum þeirra. Einnig verður höfð hliðsjón af bestu fánlegu tækni eins og hún er skilgreind á hverjum tíma.

## 9 Leyfi sem framkvæmd er háð

- Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi nr. 550/2018. Þetta verkefni flokkast undir lið 5.1.b í fyrsta viðauka: Eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun.
- Fyrirhuguð bygging þarf byggingarleyfi frá bygginganefnd Hvalfjarðarsveitar í samræmi við uppfært deiliskipulag.
- Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til Hvalfjarðarsveitar, sem veitir leyfi til framkvæmda samkvæmt 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Við leyfisveitingu skal taka mið af niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar.

## 10 Niðurstaða

Það er mat framkvæmdaraðila að umhverfisáhrif vegna endurvinnslu á kerbrotum á Grundartanga geti ekki talist umtalsverð í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda nr. 111/2021. Þessi fyrirhugaða endurvinnsla á kerbrotum mun hafa í för með sér óverulega aukningu á losun á bæði flúori og brennisteini á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Á móti kemur að með þessu verkefni er verið að taka ábyrgð á úrgagnsmálum á Íslandi. Með endurvinnslu kerbrota minnka urðuð spilliefni á Íslandi um rúmlega 70% og stórt skref er tekið í átt að hringrásarhagkerfinu. Verkefnið styður því við markmið stjórnvalda um minnkun úrgangs og aukna virðissköpun. Verkefnið fellur einnig einkum vel að áformum Þróunarfélags Grundartanga um græna hringrásargarða á Grundartangasvæðinu. Með endur- og

áframvinnslu kerbrota er þ.a.l. ennfremur stutt við hringrásarhagkerfið og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að minnka úrgang, auka endurvinnslu, draga úr sóun og stuðla að verðmætasköpun.

### 11 Viðhengi

MSDS blað fyrir HiCal afurðina („SDS HiCAL 30 v12 02Nov17.pdf“)

## HiCAI 30 Mineralising Carbon

Regain Services Pty Ltd

Version No: 1.2

Safety Data Sheet according to WHS and ADG requirements

Issue Date: 02/11/2017

Print Date: 02/11/2017

S.GHS.AUS.EN

### SECTION 1 IDENTIFICATION OF THE SUBSTANCE / MIXTURE AND OF THE COMPANY / UNDERTAKING

#### Product Identifier

<b>Product name</b>	HiCAI 30 Mineralising Carbon
<b>Synonyms</b>	Not Available
<b>Other means of identification</b>	Not Available

#### Relevant identified uses of the substance or mixture and uses advised against

<b>Relevant identified uses</b>	A mineral product rich in fluoride, sodium, alumina and carbon. Designed for use in cement clinker manufacture. The presence of fluoride may result in a beneficial fluxing and/or mineralisation effect that reduces firing temperature and promotes desired phase formation in manufacture of cement clinker. The presence of sodium may improve the burning process and sulphur binding thereby improving kiln operation and clinker quality. The presence of carbon may substitute other types of fuels used for clinkerization.
---------------------------------	--

#### Details of the supplier of the safety data sheet

<b>Registered company name</b>	Regain Services Pty Ltd
<b>Address</b>	Level 12, 390 St. Kilda Road Melbourne Victoria Australia
<b>Telephone</b>	+61 3 9514 8600
<b>Fax</b>	+61 3 9514 8642
<b>Website</b>	www.regainmaterials.com
<b>Email</b>	info@regainmaterials.com

#### Emergency telephone number


<b>Association / Organisation</b>	Not Available
<b>Emergency telephone numbers</b>	+61 3 9514 8600
<b>Other emergency telephone numbers</b>	+61 417 556 831

### SECTION 2 HAZARDS IDENTIFICATION

#### Classification of the substance or mixture

<b>Poisons Schedule</b>	Not Applicable
<b>Classification [1]</b>	Acute Toxicity (Oral) Category 4, Skin Corrosion/Irritation Category 2, Eye Irritation Category 2A, Specific target organ toxicity - repeated exposure Category 2
<b>Legend:</b>	1. Classified by Chemwatch; 2. Classification drawn from HSIS; 3. Classification drawn from EC Directive 1272/2008 - Annex VI

#### Label elements

<b>Hazard pictogram(s)</b>	
<b>SIGNAL WORD</b>	<b>WARNING</b>

#### Hazard statement(s)

<b>H302</b>	Harmful if swallowed.
<b>H315</b>	Causes skin irritation.
<b>H319</b>	Causes serious eye irritation.
<b>H373</b>	May cause damage to organs through prolonged or repeated exposure.

#### Precautionary statement(s) Prevention

<b>P260</b>	Do not breathe dust/fume/gas/mist/vapours/spray.
<b>P270</b>	Do not eat, drink or smoke when using this product.

HiCAI 30 Mineralising Carbon

Precautionary statement(s) Response

P362	Take off contaminated clothing and wash before reuse.
P305+P351+P338	IF IN EYES: Rinse cautiously with water for several minutes. Remove contact lenses, if present and easy to do. Continue rinsing.

Precautionary statement(s) Storage

Not Applicable

Precautionary statement(s) Disposal

P501	Dispose of contents/container in accordance with local regulations.
------	---

SECTION 3 COMPOSITION / INFORMATION ON INGREDIENTS

Substances

See section below for composition of Mixtures

Mixtures

CAS No	%[weight]	Name
7440-44-0	30-35	carbon, non-activated
1302-93-8	10-15	mullite
7681-49-4	10-15	sodium fluoride
12251-27-3	5-10	nepheline
15096-52-3	5-10	sodium aluminium fluoride
1344-28-1	5-10	aluminium oxide
60676-86-0	0-5	silica fused
1309-38-2	0-5	magnetite
7789-75-5	0-5	calcium fluoride

SECTION 4 FIRST AID MEASURES

Description of first aid measures

Eye Contact	<p>If this product comes in contact with the eyes:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Wash out immediately with fresh running water.</li> <li>Ensure complete irrigation of the eye by keeping eyelids apart and away from eye and moving the eyelids by occasionally lifting the upper and lower lids.</li> <li>Seek medical attention without delay; if pain persists or recurs seek medical attention.</li> <li>Removal of contact lenses after an eye injury should only be undertaken by skilled personnel.</li> </ul>
Skin Contact	<p>If skin contact occurs:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Immediately remove all contaminated clothing, including footwear.</li> <li>Flush skin and hair with running water (and soap if available).</li> <li>Seek medical attention in event of irritation.</li> </ul>
Inhalation	<ul style="list-style-type: none"> <li>If fumes, aerosols or combustion products are inhaled remove from contaminated area.</li> <li>Other measures are usually unnecessary.</li> </ul>
Ingestion	<ul style="list-style-type: none"> <li><b>IF SWALLOWED, REFER FOR MEDICAL ATTENTION, WHERE POSSIBLE, WITHOUT DELAY.</b></li> <li>For advice, contact a Poisons Information Centre or a doctor.</li> <li>Urgent hospital treatment is likely to be needed.</li> <li>In the mean time, qualified first-aid personnel should treat the patient following observation and employing supportive measures as indicated by the patient's condition.</li> <li>If the services of a medical officer or medical doctor are readily available, the patient should be placed in his/her care and a copy of the SDS should be provided. Further action will be the responsibility of the medical specialist.</li> <li>If medical attention is not available on the worksite or surroundings send the patient to a hospital together with a copy of the SDS.</li> </ul> <p><b>Where medical attention is not immediately available or where the patient is more than 15 minutes from a hospital or unless instructed otherwise:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><b>INDUCE</b> vomiting with fingers down the back of the throat, <b>ONLY IF CONSCIOUS</b>. Lean patient forward or place on left side (head-down position, if possible) to maintain open airway and prevent aspiration.</li> </ul> <p><b>NOTE:</b> Wear a protective glove when inducing vomiting by mechanical means.</p>

Indication of any immediate medical attention and special treatment needed

Treat symptomatically.

For acute or short term repeated exposures to fluorides:

- Fluoride absorption from gastro-intestinal tract may be retarded by calcium salts, milk or antacids.
- Fluoride particulates or fume may be absorbed through the respiratory tract with 20-30% deposited at alveolar level.
- Peak serum levels are reached 30 mins. post-exposure; 50% appears in the urine within 24 hours.
